

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/685****2023/EES/8/16****frá 28. apríl 2022****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 333/2007 að því er varðar kröfur um töku sýna úr fiski og landdýrum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 34. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 ⁽²⁾ er mælt fyrir um aðferðir við sýnatöku og greiningu sem skal nota vegna eftirlits með innihaldi snefilefna og aðskotaefna úr vinnslu í matvælum.
- 2) Í B-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 333/2007 eru fastsett sértæk ákvæði um sýnatöku úr stórum fiski sem kemur í stórum framleiðslueiningum og samkvæmt þeim á að taka sýni úr miðhluta slíks fisks. Þar eð þetta getur í einhverjum tilvikum haft mikil áhrif á afurðina þarf að kveða á um aðrar kröfur um sýnatöku til að einnig verði heimilt að taka sýni úr hausnum eða sporðinum. Ennfremur þarf að fastsetja samræmdar kröfur um þann hluta fisksins sem á að taka sýni úr, allt eftir mismunandi stærð fisksins, þar eð slíkar kröfur tryggja betra samanburðarhæfi greiningarniðurstaðna í öllu Sambandinu.
- 3) Í tengslum við breyttar kröfur um sýnatöku úr fiski ætti einnig að breyta skilgreiningunni á „lotu“ og fastsetja ætti skilgreiningu á „sambærileg stærð eða þyngd“.
- 4) Í IV. viðauka við tilskipun ráðsins 96/23/EB ⁽³⁾ eru settar fram kröfur um sýnatöku úr landdýrum og lagareldisafurðum vegna greiningar á efnaleifum og aðskotaefnum. Tilskipun 96/23/EB var felld úr gildi með reglugerð (ESB) 2017/625 en skv. 150. gr. þeirrar reglugerðar gildir sú tilskipun til 14. desember 2022. Að teknu tilliti til loka þessara umbreytingarráðstafana að því er varðar beitingu tilskipunar 96/23/EB þarf að setja fram slíkar kröfur í reglugerð (EB) nr. 333/2007 sem á að koma til framkvæmda frá og með 15. desember 2022.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 333/2007 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 126, 29.4.2022, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 frá 28. mars 2007 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi snefilefna og aðskotaefna úr vinnslu í matvælum (Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 29).

(3) Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 333/2007 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Viðaukinn skal koma til framkvæmda frá og með 15. desember 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 333/2007 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „framleiðslueining“ kemur eftirfarandi:

„framleiðslueining“: sanngreinanlegt magn matvöru, afhent í einu lagi, sem opinber aðili staðfestir að hafi sameiginleg einkenni, s.s. að því er varðar uppruna, afbrigði, tegundir, vatnasvið, gerð umbúða, pakkanda, sendanda eða merkingar,“

b) Eftirfarandi skilgreiningu er bætt við:

„sambærileg stærð eða þyngd“: mismunur á stærð eða þyngd fer ekki yfir 50%.“

2) Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað B.2.3 kemur eftirfarandi:

„B.2.3 Sértek ákvæði um sýnatöku úr framleiðslueiningum sem innihalda heilan fisk af sambærilegri stærð eða þyngd

Fjöldi hlutasýna, sem taka ber úr framleiðslueiningunni, er settur fram í töflu 3. Safnsýnið, sem til verður úr öllum hlutasýnunum, skal veða a.m.k. 1 kg (sjá lið B.2.2).

— Ef framleiðslueining, sem sýni er tekið úr, inniheldur lítinn fisk (hver fiskur er < 1 kg að þyngd) telst heill fiskur vera hlutasýni til að mynda safnsýni. Ef safnsýnið verður þyngra en 3 kg geta hlutasýnin, sem mynda safnsýnið, samanstáð af miðhlutum fisksins sem hver er a.m.k. 100 g að þyngd. Heildarmagnið, sem hámarksgildið á við um, er notað við jafnblöndun á sýninu.

Þyngdarmiðja fisks er í miðhluta hans. Hún er yfirleitt við bakuggann (hjá þeim fiskum sem hafa bakugga) eða mitt á milli tálknaops og raufar.

— Ef framleiðslueining, sem sýni er tekið úr, inniheldur stærri fiska (hver fiskur er ≥ 1 kg) samanstendur hlutasýnið af miðhluta fisksins. Hvert hlutasýni er a.m.k. 100 g að þyngd.

Ef um er að ræða meðalstóran fisk (≥ 1 kg og < 6 kg) er hlutasýnið tekið sem sneið úr miðhluta fisksins frá hrygg til kviðar.

Ef um er að ræða mjög stóran fisk (≥ 6 kg) er hlutasýnið tekið úr holdi bak- og hliðarvöðvans á hægri hlið (séð að framan) á miðhluta fisksins. Ef verulegt fjárhagstjón hlýst af því að taka slíkan hluta úr miðhluta fisksins getur talist fullnægjandi að taka þrjú hlutasýni sem hvert um sig vegur a.m.k. 350 g, óháð stærð framleiðslueiningarinnar, en að öðrum kosti getur talist fullnægjandi að taka þrjú hlutasýni sem hvert um sig vegur a.m.k. 350 g af samsvarandi hluta (175 g) af fiskholdinu nálægt sporðinum og fiskholdinu nálægt höfði hvers fisks, óháð stærð framleiðslueiningarinnar.“

b) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„B.2.4 Sértek ákvæði um sýnatöku úr framleiðslueiningum af fiski sem innihalda heilan fisk af mismunandi stærð og/eða þyngd

Ákvæði liðar B.2.3 gilda að því er varðar samsetningu sýna.

Ef tiltekinn (undir)flokkur stærðar eða þyngdar er ríkjandi (u.þ.b. 80% eða meira af framleiðslueiningunni) skal sýnið tekið úr fiski í ríkjandi stærðar- eða þyngdarflokki. Líta skal á sýnið sem dæmigert fyrir alla framleiðslueininguna.

Ef ekki er um að ræða sérstakan, ríkjandi stærðar- eða þyngdar(undir)flokk skal sjá til þess að sá fiskur sem valinn er til sýnatöku sé dæmigert fyrir framleiðslueininguna. Sérstakar leiðbeiningar varðandi slík tilvik er að finna í „Guidance document on sampling of whole fish of different size and/or weight“ (*).

B.2.5. Sértaek ákvæði um sýnatöku úr landdýrum

Að því er varðar kjöt og sláturmat úr svínum, nautgripum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt skal taka sýni sem er 1 kg úr a.m.k. einu dýri. Ef nauðsyn krefur til að fá sýni sem er 1 kg að stærð skal taka jafnstór sýni úr fleiri en einu dýri.

Að því er varðar alifuglakjöt skal taka jafnstór sýni úr a.m.k. þremur dýrum til að fá 1 kg safnsýni. Að því er varðar sláturmat úr alifuglum skal taka jafnstór sýni úr a.m.k. þremur dýrum til að fá 300 g safnsýni.

Að því er varðar kjöt og sláturmat úr öldum veiðidýrum og villtum landdýrum skal taka 300 g sýni úr a.m.k. einu dýri. Ef nauðsyn krefur til að fá sýni sem er 300 g að stærð skal taka jafnstór sýni úr fleiri en einu dýri.

(*) <https://ec.europa.eu/food/safety/chemical-safety/contaminants/sampling-and-analysis>“.

3) Í stað C.2.1 kemur eftirfarandi:

„C.2.1 Varúðarráðstafanir og almenn umfjöllunaratriði

Grunnkrafa er að ná dæmigerðu og einsleitu rannsóknarsýni án þess að það verði fyrir utanaðkomandi mengun.

Heildarmagnið, sem hámarksgildið á við um, skal notað við jafnblöndun á sýninu.

Að því er varðar aðrar afurðir en fisk skal nota allt efni sýnisins, sem rannsóknarstofan tekur á móti, við undirbúning rannsóknarsýnisins.

Að því er varðar fisk skal allt efni sýnisins, sem rannsóknarstofan tekur á móti, vera jafnblandað. Nota skal dæmigerðan hluta eða magn úr einsleitu safnsýni við undirbúning rannsóknarsýnisins.

Ákvarðað skal á grundvelli þess innihalds, sem finnst í rannsóknarsýnum, hvort farið er að ákvæðum um hámarksgildin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006.“
